

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Hveragerðisbæ.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 14. desember 2017 eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir, sem auglýstar voru samhliða tillögu að aðalskipulagi Hveragerðis 2017-2029 og eru í samræmi við það:

#### *Nýtt deiliskipulag Edenreits.*

Deiliskipulagið nær til 4,5 ha svæðis sem afmarkast af Austurmörk, Reykjamörk, Þelamörk og Grænumörk. Deiliskipulagið felur m.a. í sér nýja íbúðarbyggð á lóðunum Austurmörk 25 og Reykjamörk 2a og auknar byggingarheimildir á þegar byggðum lóðum. Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

#### *Breyting á deiliskipulagi við Austurmörk, Sunnumörk og Mánamörk.*

Deiliskipulagið nær til 11,4 ha svæðis sem afmarkast af Breiðumörk, Austurmörk, Grænumörk og Suðurlandsvegi. Í deiliskipulaginu felast breytingar á byggingarreitum, nýtingarhlutfalli og byggingarskilmálum og auknar heimildir til byggingar bæði athafna- og íbúðarhúsnæðis. Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir öðlast nú þegar gildi.

*Hveragerði, 20. desember 2017.*

**Guðmundur F. Baldursson** skipulagsfulltrúi.